

Fyrir hönd félags íslenskra fæðingar og kvensjúkdómalækna (FÍFK) viljum við lýsa yfir ánægju með frumvarp til laga um breytingar á lögum um fæðingar og foreldraorlof (955. mál).

Félagið hefur áður lagt fram tillögur um meðgönguorlof, og er vísað í meðfylgjandi álit félagsins, þegar lögum um fæðingar og meðgönguorlof var síðast breytt 2020 (144/2020). Eins og lagt er til í þessu frumvarpi voru lagðar til breytingar á greiðslum til verðandi mæðra sem gerir þeim kleift að hætta vinnu við 36 vikna meðgöngu án þess að skerða rétt til fæðingarorlofs eftir að barnið er fætt. Ef þetta frumvarp fær framgang og verður að lögum yrðu þessi réttindi tryggð og minnkar þá fyrir mismunun á möguleikum kvenna með tilliti til tekna, menntunar eða annarra félagslegra aðstæðna.

Meðgönguorlof hefur fengið formlega umfjöllun innan stjórnkerfisins því í stöðuskýrslu og tillögum starfshóps heilbrigðisráðherra um Barneignarþjónustu frá 2020 ([Barneignarþjónusta - Stöðuskýrsla og tillögur starfshóps ráðherra \(stjornarradid.is\)](#)), bls 26) kemur fram að verkefnahópurinn telur mikilvægt að þungaðar konur hafi rétt á meðgönguorlofi frá 36 vikum án þess að skerði réttindi til orlofs eftir fæðingu.

Í þessum breytingum er ekki tekið sérstaklega á þörf fjölburamæðra og til að fara fyrr í meðgönguorlof. Í frumvarpinu er lagt til að mæður fái meðgönguorlof við 36 vikur en fleirburameðgöngur verða ekki lengri en 36-37 vikur. Þessar konur þurfa margar að hætta vinnu við 28.-30. meðgönguviku sökum þreytu, svefnleysis og/eða annara meðgöngukvilla. Þær mæður þurfa því að ganga á veikindarétt sinn, ef þær eru með slíkan, og veldur það mismunun hjá þessum litla hópi. Betra væri ef konum væri tryggt meðgönguorlof í 4 vikur fyrir áætlaðan fæðingardag skv. hefðbundnum ráðleggingum lækna. (tvíburamæður ganga að jafnaði með í 36-37 vikur og þríburamæður í 32-34 vikur).

Með tilkomu vinnustyttingar foreldris allt að 20% er verið að minnka álag á foreldra smábarna og gera þeim kleyft að stytta vistunartíma barna sinna. Við hefðum helst vilja fara að dæmi Svía og gefa foreldrum kost á þessari vinnutímastyttingu þar til barnið hefur lokið fyrsta skólaárið (en ekki einungis 6 mánuði hjá hvoru foreldri).

Við fögnum þessum breytingum sem fyrirhugaðar eru og trúum því að þær leiði til velfarnaðar fyrir foreldra og börn þeirra.

Fyrir hönd félags íslenskra fæðingar og kvensjúkdómalækna

Sigurlaug Benediktsdóttir

Aðalbjörg Björgvinsdóttir

Eva Jónasdóttir

Guðný Jónsdóttir

